

Fræðslufundur um nýjungar í þvafæraaðgerðum 4. nóvember 2021

Sigurður Guðjónsson þvafæraskurðlæknir
fjallar um blöðrubrottnám með aðstoð aðgerðarþjarka
og hvers vegna fjölgun hefur orðið í gerð þvageita.

Fundurinn verður í húsnæði
Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins
að Skógarhlíð 8, 1. hæð
fimmtudaginn 4. nóvember kl. 20:00.

Húsið opnar kl. 19:30.
Kaffiveitingar.
Fjölmennið og takið með ykkur gesti.

Stómasamtök Íslands. Stofnuð 16. október 1980.

Formaður: Jón Þorkelsson, símar 565 2434 og 696 4395, jon@hyggir.is
Aðrir í stjórn: Sigurður Jón Ólafsson ritari, Eva Bergmann,
Inger Rós Jónsdóttir og Fanney Lind Arnarsdóttir fulltrúi ungliða.

Sími samtakanna er 847 0694. Vefsíða: www.stoma.is Netfang: stoma@stoma.is
Stómasamtök Íslands eiga aðild að Krabbameinsfélagi Íslands og Öryrkjabandalaginu.

Fréttabréf Stómasamtakanna.

Ritstjóri: Sigurður Jón Ólafsson, sími 551 6366, sjo@centrum.is
Brot og þökkun: Sigríður Guðný Rögnvaldsdóttir

Fréttabréf Stómasamtakanna

1. tbl. 41. árg.

Haust 2021

Blað 171

Alþjóðastómadagurinn 2. október 2021

Stómasamtök Íslands halda uppá Alþjóðastómadaginn
laugardaginn 2. október kl. 14-16
í húsnæði Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins
að Skógarhlíð 8, 1. hæð.

**Réttindi stómaþega eru mannréttindi –
ávallt og allsstaðar**
eru einkunnarorð Alþjóðastómadagsins að þessu sinni.
Jafnframt er þetta síðbúin 40 ára afmælisveisla.

Léttar veitingar í boði.
Fjölmennið og takið með ykkur gesti.

Nánar auglýst á heimasíðu og facebooksíðu samtakanna.

Kynningarfundur á Akureyri 16. október 2021

Stómasamtök Íslands halda kynningarfund á Akureyri
laugardaginn 16. október kl. 14:00 í húsnæði Krabbameinsfélags
Akureyrar og nágrennis (KAON) að Glerárgötu 34, 2. hæð.

Guðrún María Þorbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur hjá Medor
kynnir nýjungar í stómavörum frá ConvaTec.

Fjölmennið og takið með ykkur gesti.
Kaffiveitingar.

Stórafmæli nokkurra samtaka

Það hefur sjálfsagt ekki farið framhjá lesendum, að Krabbameinsfélagið hélt uppá 70 ára afmæli sitt með sérstakri ráðstefnu, sem haldin var 26. ágúst sl. Þar var fjallað um krabbamein á Íslandi í víðu samhengi. Ráðstefnunni var streymt og hægt er að nálgast upptöku af streyminu á krabb.is.

Stómasamtökin hafa verið aðili að Krabbameinsfélagsins frá stofnun 16. október 1980. Hugmyndin að stofnuninni kom í upphafi frá Krabbameinsfélaginu og því má segja, að við séum eitt af fósturbörnum félagsins. Um forsöguna má lesa í 40 ára afmælisriti Stómasamtakanna sem kom út á síðasta ári.

Öryrkjabandalag Íslands hélt uppá 60 ára afmæli sitt í byrjun september, en Stómasamtökin hafa verið aðili að bandalaginu mjög lengi.

Dönsku stómasamtökin – COPA – eru 70 ára á þessu ári, en þau fagna afmælinu 25. september og tengja það Alþjóðastómadeginum. Copa eru elstu stómasamtökin í heiminum og í því ljósi eru þetta stórmerkileg tíðindi. Henning Granslev hefur gegnt embætti formanns Copa í mörg ár, en svo skemmtilega vill til, að hann varð einmitt sjálfur 70 ára á þessu ári. Henning hefur lengi verið í forystu Copa, en hann er jafnframt í stjórn Evrópusamtakanna (EOA). Henning er mér að góðu kunnur frá því leiðir okkar lágu saman á Norðurlandaráðstefnu á Akureyri 1996. Henning er góður félagi og mikill húmoristi.

Norsku stómasamtökin (NORILCO) eru 50 ára um þessar mundir. Ætla þau að halda uppá þessi tímamót með veglegum hætti í september.

Svo má ekki gleyma því, að við höldum uppá 40 ára afmæli okkar á næstunni í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfur afmælisdagurinn var 16. október í fyrra, en af ástæðum, sem óþarfi er að rekja, urðum við að fresta afmælisfagnaði.

Aðalfundur, aðrir fundir og námskeið

Starfsemi Stómasamtakanna lá niðri síðastliðinn vetur vegna veirufaraldursins, sem kunnugt er. Þó tókst okkur að halda aðalfund í maí. Stjórnin var endurkjörin að mestu, nema hvað Fanney Lind Arnarsdóttir tók við af Jónínu Rós Guðfinnsdóttur sem fulltrúi ungliða í stjórn samtakanna. Fanney er menntaður heilbrigðis-hagfræðingur. Hún útskrifaðist frá Háskóla Íslands í júní sl. og starfar á bráðamóttöku barna hjá Barnaspítala Hringins. Jónínu Rós var þakkað fyrir gott samstarf gegnum tíðina. Jónína eignaðist sitt fjórða barn á Jónsmessu, en þess má geta að þrjú þeirra hefur hún eignast eftir að hún fékk stóma.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins stóð fyrir námskeiði fyrir stómaþega í vor. Þetta námskeið var einkum ætlað þeim, sem höfðu nýlega gengist undir stómaaðgerð og þeim sem voru á leið í slíka aðgerð. Námskeiðið heppnaðist ljómandi vel. Það voru um tuttugu manns sem tóku þátt, en vegna sóttvarnaraðstæðna fór námskeiðið fram í netheimum.

Fullur vilji er hjá Ráðgjafarþjónustunni að standa fyrir viðlíka námskeiðum í framtíðinni, jafnvel einu sinni ári eða annað hvert ár.

Hér í blaðinu eru auglýstir þrír fundir í október og nóvember. Við stefnum ótrauð að því að halda jólahlaðborð í byrjun adventu eins og jafnan. Við biðjum ykkar að fylgjast vel með á heimasíðunni, því ekki koma fleiri Fréttabréf út á þessu ári.

Endilega munið eftir að skrá netfang ykkar á stoma@stoma.is til að fá áminningu um fundi í pósti – ef þið hafið ekki þegar gert það.